



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/1220
komudagur 21.2.2003

Reykjavík, 19. febrúar 2003

R00110095

175

GE/jb

~~Iðnaðarnefnd~~ Iðnaðarnefnd Alþingis

Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum

Á fundi borgarráðs 18. þ.m. var lögð fram umsögn borgarlögmans og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur sf. frá 14. þ.m. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Umsögnin, sem fylgir í ljósriti, er hér með send iðnaðarnefnd Alþingis til kynningar.

Þórólfur Árnason

Afrit:
Borgarlögmaður
Fostjóri Orkuveitu Reykjavíkur sf.



Borgarráð

Umsögn Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 2.gr. frumvarpsins:

Síðasti málsliður 2. mgr. 2.gr verði svohljóðandi:

Eignarhald og viðhaldsskylda á heimæðum skal að öðru leyti haldast óbreytt. Skylt er vatnsveitu að yfirtaka heimæðar að skriflegri beiðni eiganda.

Skýring:

Nú eru 12 ár síðan lög voru sett um vatnsveitur sveitarfélaga sem m.a. gerðu ráð fyrir að vatnsveitur sæju um og ættu heimæðar fasteigna í framhaldi af endurnýjun þeirra. Ekki er lengur þörf á að vernda vatnsveitur fyrir skyldu til að endurnýja og viðhalda illa frágengnum heimæðum og því eðlilegt að húseigendur geti losnað undan þeirri kvöð að eiga heimæðarnar og bera ábyrgð á þeim og skaða af þeirra völdum.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 3.gr. frumvarpsins:

Við greinina bætist:

Stofnunum eða fyrirtækjum sem reka vatnsveitu á grundvelli 1. mgr. 4.gr. skulu skila eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu.

Skýring:

Á undanförunum árum hefur rekstrarformi orkufyrirtækja sveitarfélaga verið breytt og mörg þeirra reka vatnsveitur í umboði sveitarstjórna. Fyrirtæki þessi starfa nú á sviði einkaréttar og má sem dæmi nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja hf. og Norðurorku hf. Öll þessi fyrirtæki hafa vatnsveiturekstur sem hluta af sinni starfsemi.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 4. og 5. ml. 1.mgr. 4.gr. frumvarpsins:

Lagt er til að í stað orðanna "til stjórnar vatnsveitu" komi "til vatnsveitu".

Lögð er til eftirfarandi breyting á síðasta málslið 2.mgr. 5.gr. frumvarpsins:


Heimilt er að innheimta vatnsgjald með fasteignasköttum og skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Skýring:

Þar sem rekstrarformi margra orkufyrirtækja sem hafa vatnsveiturekstur sem hluta af sinni starfsemi hefur verið breytt og þau starfa nú á sviði einkaréttar þykir rétt að þau ráði sjálf hvernig innheimtu vatnsgjalds skuli háttað. Rétt er þó að hafa heimild til að innheimta vatnsgjaldið með fasteignasköttum eins og verið hefur.

Lögð er til eftirfarandi breyting á síðasta málslið 4.mgr. 6.gr. frumvarpsins:

Lagt er til að í stað orðanna "stjórn vatnsveitu" komi "vatnsveitu".



Hjörleifur B. Kvaran, hrl.,
borgarlögmaður



Guðmundur Þóroddsson,
forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur